274	489.942	497.292	504.641	511.990	519.339	526.688	534.037
275	496.802	504.254	511.706	519.158	526.610	534.062	541.514

Yfirlýsingar ríkisstjórnar

Yfirlýsing stjórnvalda í tengslum við kjarasamningana á almennum markaði er einhliða yfirlýsing ríkisstjórnar í 11 liðum sem hún lagði fram í lok samningaviðræðna í þeim tilgangi að liðka fyrir gerð kjarasamninganna. Ýmis fyrirheit stjórnvalda munu bæta hag launafólks, en þar ber hæst tekjuskattslækkun, jöfnun örorkubyrði lífeyrissjóða, menntamál og aukinn stuðningur í húsnæðismálum, bæði við félagslegt íbúðakerfi, tekjulága einstaklinga og leigjendur. Þessi yfirlýsing á einnig við um kjarasamninga á opinbera markaðnum.

Mikilvæg áform í húsnæðismálum

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um húsnæðismál má líta svo á að ríkisstjórnin hafi komið mikið til móts við málflutning Alþýðusambandsins og stéttarfélaganna þar sem þau markmið að fjölga hagkvæmum og ódýrum íbúðum, styðja við kaup á fyrstu íbúð og tryggja framboð á íbúðarhúsnæði fyrir tekjulágar fjölskyldur og ungt fólk á húsnæðismarkaði hafa verið hluti af málflutningi stéttarfélaganna undanfarin ár.

Ráðist í byggingu 2300 félagslegra leiguíbúða

Það vekur athygli að ríkisstjórnin hefur nú sett áform um uppbyggingu félagslegs húsnæðiskerfis á oddinn að nýju en ríkisstjórnir undangengin ár hafa ekki viljað endurreisa félagslega húsnæðiskerfið. Þess vegna eru fyrirheit um byggingu 2300 félagslegra leiguíbúða á næstu fjórum árum 2016–2019 sérstaklega fréttæm og hlýtur að teljast mikilvægur liður í að endurreisa félagslegt húsnæðiskerfi hér á landi og tryggja þannig tekjulægri fjölskyldum leiguhúsnæði til lengri tíma.

Stuðningur við kaup á fyrstu íbúð

Það hefur komið fram í Gallup-könnunum félaganna við Flóann að mikil fækkun hefur orðið í þeim hópi sem býr við öryggi í húsnæðismálum og ungt fólk sér margt ekki nokkra möguleika á að taka íbúð á leigu eða eignast íbúðarhúsnæði. Þess vegna eru áform stjórnvalda um stuðning við fólk til að kaupa fyrstu íbúð sérlega mikilvæg.

Mikilvægt að lækka húsnæðisverð og hækka húsnæðisbætur

En gera má ráð fyrir að þau séu ekki síðri áformin um hækkun húsnæðisbóta og almennar ráðstafanir til að lækka byggingakostnað en öll þessi viðleitni stjórnvalda er til þess fallin að aðstoða þá efnaminni og tekjulægri til að eignast eða leigja íbúðarhúsnæði. Því eru félagsmenn hvattir til að kynna sér þessar tillögur stjórnvalda með því að lesa yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og fylgjast síðan með lagasetningunni þegar kemur að henni í haust og á næsta ári.

Tekjuskattslækkun einstaklinga er mikilvægt framlag

Þau mál sem gera má ráð fyrir að skipti launafólk mestu máli eru skattamál en þar er tekjuskattslækkun einstaklinga eitt mikilvægasta framlagið. Heildarlækkun á tekjuskatti einstaklinga skv. áætlunum stjórnvalda mun þannig nema allt að 16 milljörðum króna á tímabilinu 2014–2017 sem svarar til 13% af tekjum ríkissjóðs af tekjuskatti einstaklinga á áætlun fjárlaga yfirstandandi árs.

Lækkunin kemur efri tekjuhópum meira til góða

Ljóst er að tekjuskattslækkunin mun koma efri tekjuhópum meira til góða en þeim sem eru á lægri launum. Á hinn bóginn vegur samningur Flóafélaganna mun þyngra í neðri hluta launastigans þannig að það má segja að á meðan stéttarfélögin hafa horft að mestu leyti til þess að verja fólk með lægri og meðallaun, eru stjórnvöld að styðja meira við bak þeirra sem eru með hærri tekjur og tekjuskattslækkunin kemur þeim mest til góða sem eru með hærri laun.

Persónuafsláttur mun hækka í takt við verðlagsbreytingar

Fyrirheit um að persónuafsláttur muni hækka í takt við verðlagsbreytingar er jákvætt fyrir launafólk en dæmi er um það úr fortíðinni að persónuafsláttur hafi ekki fylgt verðlagsförsendum sem hefur smám saman þyngt skattbyrðina.

Kostur að stefnt er að lögfestingu þessara breytinga á haustþingi 2015

Það er nokkur kostur við þessi áform ríkisstjórnarinnar að launafólki gefst kostur á að fylgjast með áhrifum þessara skattabreytinga eftir nokkra mánuði þar sem lögfesting þeirra mun fara fram á haustþinginu 2015.

Jöfnun á örorkubyrði lífeyrissjóða

Það olli gríðarlegum vonbrigðum á þessu kjörtímabili þegar stjórnvöld ákváðu að ganga á bak loforða sem veitt höfðu verið um að ríkið jafnaði örorkubyrði lífeyrissjóðanna en lífeyrissjóðir almenns verkafólks og sjómanna bera mun hærri örorkubyrði en aðrir sjóðir. Framlag til að þjóna þessu markmiði var fest í kjarasamningi 2005 en síðan lögbundið ári síðar. Nú hefur ríkisstjórnin ákveðið í yfirlýsingu sinni að draga fyrri ákvörðun sína til baka og halda áfram að jafna örorkubyrðina og skiptir þetta miklu máli fyrir sjóðfélaga í almennu lífeyrissjóðunum en þeirra lífeyristekjur hefðu farið að skerðast ef þessi breyting kæmi ekki til.

Tryggja námstækifæri fyrir 25 ára og eldri

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar eru áform um að tryggja áfram námstækifæri fyrir 25 ára og eldri en búið var að svipta þennan aldurshóp réttindum til framhaldsmenntunar hjá símenntunarstöðvum þar sem ekki var gert ráð fyrir fjárframlagi til að standa undir kostnaði við menntun þessa hóps.

Fjölmörg önnur atriði eru í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og eru félagsmenn hvattir til að fara yfir þessi áform þar sem ekki er rými til að fjalla um þau öll hér.

1. desember fyrir kl. 12:00 er síðasta tækifærið

sem þú hefur til að hafa áhrif á niðurstöðu í atkvæðagreiðslunni



Sýnum ábyrgð og skilum atkvæðunum!

Atkvæði póstleggist í síðasta lagi 27. nóvember

**Reykjavíkurborg annars vegar
og Efling-stéttarfélag hins vegar
gera með sér svofellt
SAMKOMULAG
um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila**

**1. gr.
Gildistími**

Gildandi kjarasamningur aðila framlengist frá 1. maí 2015 til 31. mars 2019 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samkomulagi þessu felast og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

**2. gr.
Launahækkunar**

Laun samkvæmt grein 1.1.1 hækki sem hér segir:

- 1.5. 2015: Laun hækka um 25.000 kr. eða að lágmarki um 7,7%, sbr. meðfylgjandi launatöflu.
- 1.6. 2016: Hækkun launatöflu um 6,0%.
- 1.6. 2017: Ný launatafla. Launataxtar í kjarasamningi verða skv. meðfylgjandi launatöflu.
- 1.6. 2018: Hækkun launatöflu um 3%.
- 1.2. 2019: Sérstök eingreiðsla, kr. 40.000, greiðist hverjum starfsmanni miðað við fullt starf og sem er við störf í desember 2018 og er enn í starfi í janúar 2019. Upphæðin greiðist hlutfallslega miðað við starfstíma og starfshlutfall í desember.

3. gr.

Grein 1.3.1.5 breytist sem hér segir og verður eftirfarandi frá 1. júní 2017:

Starfslaun eru ákveðin samkvæmt eftirfarandi tengireglu á milli starfsmatsstiga og launaflokka:

Tengiregla frá og með 1. júní 2017:

Starfslaun = $178 + 0,150 \cdot \text{matsstig (matsstig til og með 459)}$

Starfslaun = $181 + 0,147 \cdot \text{matsstig (matsstig frá og með 460)}$

4. gr.

Grein 1.2 fellur niður frá og með 1. júní 2017 er ný launatafla tekur gildi sbr. fylgiskjal. Jafnframt breytist gr. 1.3.2.2 sem hér segir og verður eftirfarandi frá 1. júní 2017:

Þrep vegna starfsþróunar samkvæmt starfsþróunaráætlun stofnunar. Gert er ráð fyrir að hver stofnun/fyrirtæki setji fram starfsþróunaráætlun fyrir alla starfsmenn í starfsáætlun sinni í starfsmannamálum til að tryggja eðlilega starfsþróun og símenntun starfsmanna í samræmi við starfsmannastefnu Reykjavíkurborgar. Starfsmaður, sem tekur virkan þátt í starfsþróunaráætlun, á rétt á hærri launum en ella. Forsenda hækkunar þessarar er staðfest þátttaka starfsmanns í starfsþróunaráætlun stofnunar/fyrirtækis. Þessi laun geta breyst.

Þrep samkvæmt ofangreindu geta verið alls sex skv. eftirfarandi:

- Eftir 1 ár í starfi hjá Reykjavíkurborg röðun einu þrepi ofar en ella.
- Eftir 3 ár í starfi hjá Reykjavíkurborg röðun einu þrepi ofar en ella.
- Eftir 5 ár í starfi hjá Reykjavíkurborg röðun einu þrepi ofar en ella.
- Eftir 7 ár í starfi hjá Reykjavíkurborg röðun einu þrepi ofar en ella.
- Eftir 9 ár í starfi hjá Reykjavíkurborg röðun einu þrepi ofar en ella.
- Eftir 12 ár í starfi hjá Reykjavíkurborg röðun einu þrepi ofar en ella.

Frá og með 1. júní 2017 fá starfsmenn þrep í stað launaflokka vegna starfsþróunar hjá Reykjavíkurborg skv. grein 1.3.2.2 fyrir þann ávinning. Hvert þrep nemur 1,5% í álag skv. meðfylgjandi launatöflu. Við framkvæmd þessarar breytingar munu áunnir starfsþróunarflokkar falla niður og þrep koma í staðinn.

Þá skal einnig metinn starfstími starfsmanns sem starfað hefur í sambærilegu starfi á föstu mánaðarkaupi hjá öðru sveitarfélagi eða ríki enda liggja staðfesting fyrri vinnuveitanda fyrir. Starfsmaður fær starfsaldur hjá öðrum vinnuveitanda metinn frá og með næstu mánaðamótum eftir að hann hefur lagt fram staðfest gögn um starfstíma sinn.

Starfstími starfsmanns á hjúkrunarheimilum (sjálfseignarstofnunum) og hjá fyrirtækjum ríkis og sveitarfélaga sem starfa í almannatjónustu er metinn á sama hátt.

Hafi starfsmaður fengið þrep vegna virkrar þátttöku í starfsþróunaráætlun stofnunar en sinnir ekki lengur þeirri skyldu án lögmætra forfalla missir hann það/þau þrep er hann hefur fengið. Áður en til þess getur komið ber yfirmanni að greina starfsmanni frá að hann muni missa þennan rétt ef hann bæti ekki virkni sína skv. starfsþróunaráætlun og ber að útskýra fyrir starfsmanni hvernig hann getur bætt sig. Starfsmaður getur óskað eftir að trúnaðarmaður sé viðstaddur slíkt samtal. Sviði er heimilt að útfæra starfsþróunaráætlun í samræmi við Fylgiskjal 1 um fagviðurkenningu og styttra starfsnám á framhaldsskólastigi.

5. gr.

Grein 2.5.2 breytist og verður sem hér segir:

Þar sem unnið er á reglubundnum vöktum skal leggja fram drög að vaktskrá 6 vikum áður en hún tekur gildi. Við gerð vaktskrár skal kappkostað að uppsöfnun vinnutíma sé takmörkuð eins og frekast er unnt. Starfsmenn fá í framhaldinu einnar viku svigrúm til að gera athugasemdir og óska eftir breytingum á fyrirbyggjandi drögum að vaktskrá. Endanleg vaktskrá skal svo lögð fram mánuði áður en fyrsta vakt skv. skránni hefst nema samkomulag sé við starfsmenn um skemmri frest. Ef vaktskrá er breytt með skemmri fyrirvara en 24 klst. skal viðkomandi starfsmanni greitt aukalega 3 klst. í yfirvinnu. Sé fyrirvarinn 24–168 klst. (ein vika) skal greiða 2 klst. í yfirvinnu.

Hér er eingöngu átt við breytingu á skipulagðri vakt en ekki aukavakt.

6. gr.

Grein 6.2.2 breytist og verður sem hér segir:

Starfsmönnum skal lagður til þeim að kostnaðarlausu sá hlífðarbúnaður, sem krafist er skv. öryggisreglum, enda er starfsmönnum skylt að nota hann.

Meðfylgjandi skýringar eru til leiðbeiningar fyrir stjórnendur til að fullnusta greinar 6.2.1 og 6.2.2. Þær geta átt við önnur störf en hér eru tiltekin.

a) Starfsmenn sem vinna á verkþækkistöðvum, við garðyrkjustörf, gatnaframkvæmdir eða sorphirðu:

Úlpa, samfestingur, kuldagalli, regngalli, buxur, flíspeysa og vinnuvettlingar.

b) Starfsmenn á leikskólum:

Svunta vegna föndurs og málningarvinnu, kuldagalli eða tvískiptur galli og regngalli.

c) Skólaliðar/starfsmenn frístundaheimila og sambærileg störf í skólum:

Þar sem útivinna er skal lagður til kulda- og regngalli. Hlífðarföt og hanskar þar sem starfsmenn annast ræstingu.

d) Starfsmenn mótuneyta, hjúkrunarheimila, þjónustuíbúða og heimaþjónustu:

-starfsmenn mótuneyta, hjúkrunarheimila: vinnusloppur, buxur og hanskar

-starfsmenn þjónustuíbúða og heimaþjónustu: vinnusloppur/bolur, svunta, hanskar og flíspeysa vegna útivinnu.

e) Ræsting:

Hlífðarfatnaður og hanskar.

f) Starfsmenn sundstaða:

Merkt vinnuföt og skór.

7. gr.

Ný grein bætist við, gr. 6.3, er varðar starfsmenn sem starfa í sértækum húsnæðisúrræðum og verður sem hér segir:

6.3. Sérákvæði um starfsmenn sem starfa í sértækum húsnæðisúrræðum

Í sértækum húsnæðisúrræðum, þar sem þess er krafist, vegna sérstakra meðferðarúrræða, að starfsmaður noti eigin fatnað í stað einkennis- eða vinnufatnaðar skv. gr. 6.2.1, er vinnuveitanda í stað þess heimilt að greiða starfsmanni sérstaka fatapeninga að upphæð kr. 4.250 á mánuði miðað við fullt starf. Upphæðin tekur breytingum 1. janúar ár hvert í samræmi við vísitölu neysluverðs. Vísitala janúar mánaðar 2015 er grunnvísitala (419,3 stig).

8. gr.

Persónuuppbót og orlofsuppbót

Persónuuppbót (desemberuppbót) á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2015	85.600 kr.
Á árinu 2016	90.700 kr.
Á árinu 2017	94.300 kr.
Á árinu 2018	97.100 kr.

Orlofsuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2016	44.500 kr.
Á árinu 2017	46.500 kr.
Á árinu 2018	48.000 kr.

9. gr.

Samningsforsendur og atkvæðagreiðsla

Samningsaðilar skulu bera samning þennan, ásamt bókunum og fylgiskjölum, upp á lögformlegan hátt til samþykktar. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 16:00 þann 1. desember 2015 skoðast hann samþykktur. Atkvæðisbærir félagsmenn stéttarfélagsins um samning þennan eru einungis þeir sem starfa hjá Reykjavíkurborg.

Komi til þess að nefnd sú sem fjallar um forsendur kjarasamninga á almennum vinnumarkaði nái samkomulagi um breytingu á samningnum skulu aðilar taka upp viðræður um hvort og þá með hvaða hætti slík breyting taki gildi gagnvart þessum samningi.

Komi til þess að samningum á almennum vinnumarkaði verði sagt upp á grundvelli forsenduákvæðis þeirra á gildistíma samnings þessa skal aðilum heimilt að segja samningnum upp með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót.

Ef ný forsenduákvæði verða tekin upp sbr. lið 2, c og d, í rammasamkomulagi milli aðila vinnumarkaðarins þá munu þau forsenduákvæði koma í stað framangreindra ákvæða.

Reykjavík, 13. nóvember 2015

Sign.

F.h. Reykjavíkurborgar
með fyrirvara um samþykki borgarráðs

Sign.

F.h. Eflingar-stéttarfélags.
með fyrirvara um samþykki félagsmanna

Bókanir með samkomulagi Reykjavíkurborgar og Eflingar-stéttarfélags

Bókun 1

Samningsaðilar eru sammála um að taka þátt í samstarfi við þá aðila sem undirrituðu þann 24. október 2000, samkomulag um tiltekin réttindi starfsmanna, þar á meðal vegna veikinda og slysa. Komið skal á fót nefnd sem falið verði að endurskoða í heild kafla 11 í kjarasamningum aðila þar sem horft verður m.a. til eftirfarandi atriða:

- Endurskoðun á framkvæmd talningar veikindadaga.
- Að brugðist sé við veikindum á vinnustöðum með samræmdum og fyrirsjáanlegum hætti.
- Að tryggja að starfsmaður geti komið til starfa/aðlögunar á vinnustað eftir langtíma veikindi.
- Að tryggja rétt starfsmanns sem er í ráðningarsambandi og í starfsendurhæfingu hjá Virk til að snúa aftur til starfa.
- Skoða samband iðgjalds í fjölskyldu- og styrktarsjóð og lengdar veikindaréttar.

Stefnt skal að því að tillögur liggi fyrir eigi síðar en 31. desember 2016.

Bókun 2

Samningsaðilar eru sammála um að vinna sameiginlega að útgáfu heildartexta nýs kjarasamnings. Þeirri vinnu skal lokið fyrir 1. maí 2016.

Bókun 3

Samningsaðilar eru sammála um nauðsyn þess að styrkja áfram faglegt sjálfstæði starfsmatsins sem og starfsmatsfulltrúa gagnvart stéttarfélögum og stjórnarsýslu borgarinnar.

Aðilar hafa unnið að þróun og aðlögun starfsmatskerfisins sem og reglum er um það gilda með það að leiðarljósi að gera þær sem og verklag er starfsmatið varðar skýrari. Aðilar hafa unnið sameiginlega að fyrrgreindu og lagt fram nýjar/endurskoðaðar starfsmatsreglur þar sem m.a. er lagt til að stofnuð verði áfrýjunarnefnd starfsmatsins. Hlutverk nefndarinnar er að taka við málskotum er varða niðurstöður starfsmats og er gert ráð fyrir að nefndin taki til starfa eins fljótt og auðið er.

Aðilar eru sammála um að halda áfram með reglubundna yfirferð þeirra starfa sem hafa mat eldra en 5 ára samkvæmt reglum starfsmatsins. Þá þarf jafnframt að gera áframhaldandi samanburð á störfum þvert á svið og starfsstaði borgarinnar og gæta þess að ekki sé um ómálafnalega mismunun að ræða.

Heimasíða starfsmatsins hefur verið í vinnslu og er stefnt að því að hún verði tekin í notkun eigi síðar en 1. febrúar 2016. Fundargerðir verði gerðar aðgengilegar á heimasíðu starfsmatsins.

Samningsaðilar munu áfram beita sér fyrir aukinni kynningu á starfsmatinu fyrir stjórnendur, trúnaðarmenn og félagsmenn. Með því móti verði stuðlað að upplýstri umræðu aðila um starfsmatið með það að leiðarljósi að gera kerfið betra og skilvirkara.

Bókun 4

Aðilar skuldbinda sig til að vinna að og ljúka við endurskoðun reglna nr. 1/90 og 2/90, sem samþykktar voru á fundi borgarráðs 5. júní 1990, um skilmála slysatryggingar starfsmanna Reykjavíkurborgar skv. kjarasamningum samkvæmt l. nr. 94/1986 vegna slysa sem starfsmenn verða fyrir í starfi og í frítíma, fyrir 30. júní 2016.

Markmiðið með endurskoðun reglnanna er að uppfæra þær með hliðsjón af breyttu laga- og váttryggingaumhverfi en reglurnar eru komnar nokkuð til ára sinna. Jafnframt er markmiðið með endurskoðun reglnanna að skýra hugtök og ýmis önnur atriði sem talin hafa verið óljós eða til þess fallin að valda misskilningi.

Veigamesta breytingin sem lögð er til við endurskoðun reglnanna er sú að ekki munu lengur greiðast bætur úr tryggingunni vegna hefðbundinnar læknisfræðilegrar varanlegrar örorku ef bótaréttur vegna slyssins er fyrir hendi samkvæmt lögboðinni ökutækjatrýggingu, þ.e. hvort heldur úr ábyrgðartryggingu eða slysatryggingu ökumanns og eiganda samkvæmt umferðarlögum, nr. 50/1987 með síðari breytingum. Er þessi breyting tilkomin til að rétta hlut þeirra starfsmanna sem verða fyrir hefðbundinni læknisfræðilegri varanlegri örorku af völdum annarra slysa en þeirra sem heyra undir framangreindar váttryggingar, enda njóta hinir síðarnefndu bótaréttar úr lögboðinni ökutækjatrýggingu. Með þessari breytingu gefst jafnframt svigrúm til að hækka tryggingarfjárhæðir samkvæmt skilmálum reglnanna.

Aðilar eru sammála um að farið verði yfir verklag er varðar framkvæmd við uppgjör bóta úr slysatryggingu launþega. Í því felst að skoðað verði með hvaða hætti öflun gagna verði háttáð sem og endurgreiðslu útlags kostnaðar.

Nái aðilar ekki samkomulagi um fyrrgreint, fyrir 1. maí 2016, munu eldri reglur nr. 1/90 og 2/90, samþykktar í borgarráði 5. júní 1990, halda gildi sínu gagnvart samningsaðilum.

Bókun 5

Aðilar eru sammála um að starfsþróunarnefnd vinni í samvinnu við svið borgarinnar og stjórn Starfsmennta- og starfsþróunarsjóðs að því að fara yfir og skoða fleiri námsleiðir fyrir hópa og vinnustaði sem geti leitt til framgangs í starfi. Í þessu sambandi verði sérstaklega horft til starfsmanna sem hafa mikla reynslu í starfi hjá Reykjavíkurborg.

Horft verður til þess að menntun í starfstengdu námi geti leitt til framgangs í starfi sem sé metin til launa.

Bókun 6

Velferðarsvið gefi út leiðbeiningar varðandi farsíma starfsmanna í heimaþjónustu, þar sem gengið er út frá þeirri meginreglu að starfsmenn leggi ekki til eigin síma. Leiðbeiningarnar verða gefnar út í janúar 2016.

Bókun 7

Samningsaðilar fari í sérstaka greiningu á framkvæmd hæfnislauna samkvæmt gr. 1.3.2.3. Þeirri vinnu verði lokið fyrir 1. maí 2016.

Bókun 8

Reykjavíkurborg setti sér viðverustefnu í nóvember 2014. Markmiðið með viðverustefnu er að styðja við og hlúa að starfsmönnum vegna fjarveru frá vinnu vegna veikinda, slysa eða áfalla um lengri eða skemmri tíma og draga úr veikindafjarvistum með markvissum aðgerðum. Reykjavíkurborg hefur kynnt stefnuna fyrir stjórnendum og starfsmönnum og er henni ætlað að nýtast vinnustaðnum til að skipuleggja viðbrögð við fjarveru og tryggja samræmda vinnuferla vegna fjarveru. Áfram verður unnið að því að kynna stefnuna og er hún aðgengileg á vefsíðu Reykjavíkurborgar.

Bókun 9

Velferðarsvið skipi starfshóp sem kortleggi störf í þjónustuíbúðum og heimaþjónustu með tilliti til breyttrar íbúasamsetningu og þróunar á þjónustu. Starfshópurinn skoði sérstaklega þróun starfa, mönnun, öryggismál og álag í störfum, ásamt þörf á vinnufatnaði. Starfshópur hefji störf í janúar 2016 og skili skýrslu í apríl sama ár og kynni fyrir samstarfsnefnd samningsaðila.

Bókun 10

Sviðstjóri skóla- og frístundasviðs mun ganga eftir því við leikskólastjóra að leiðbeinandi/leikskólaliði sem tekur að sér hópastarf verði tryggður tími til undirbúnings og úrvinnslu verkefna. Samstarfsnefnd aðila skal gera úttekt á stöðu mála fyrir 1. apríl 2016.

Bókun 11

Samningsaðilar eru sammála um að Reykjavíkurborg geri úttekt á mönnun á leikskóla þegar um er að ræða veikindafjarvistir starfsmanna.

Bókun 12

Aðgerðaáætlun til að sporna gegn kynbundnum launamun var samþykkt af borgarstjórn í október 2014. Fulltrúar Eflingar-stéttarfélags í samstarfsnefnd aðila verða upplýstir með reglubundnum hætti um framgang þessarar vinnu.

Bókun 13

Reykjavíkurborg stendur fyrir tilraunaverkefni um styttingu vinnutíma sem að lýkur í febrúar 2016. Fulltrúar Eflingar-stéttarfélags í samstarfsnefnd aðila verða upplýstir með reglubundnum hætti um framgang þessarar vinnu.

Eftirfarandi bókanir úr kjarasamningi undirrituðum 27. maí 2011 halda gildi sínu:

Bókun 4

Reykjavíkurborg leggur áherslu á að starfsmenn verkbækistöðva og í garðyrkju hafi nægilega þekkingu og færni til að vinna með vélar og tæki sem starfinu fylgja. Starfsmenn sem vinna með ætandi efni og eiturefni fá viðeigandi fræðslu um meðferð og geymslu þeirra. Áhersla er lögð á að starfsmenn þekki settar öryggisreglur og fylgi þeim í starfi.

Bókun 7

Starfsmaður sem endurtekið hefur verið ráðinn í ræstingar í grunnskóla til eins skólaárs í senn á rétt á að fá tilkynningu um það eigi síðar en 30. apríl sé ekki reiknað með að hann komi aftur til starfa við skólann á komandi skólaári. Það sama á við ef til stendur að gera umtalsverðar breytingar á tilhögun starfsins.

Bókun 9

Á samningstímabilinu munu aðilar fara í endurskoðun á rammasamningi um ræstingar sjá fylgiskjal VII.

Bókun 10

Fyrir lok samningstímans munu samningsaðilar leggja mat á hvort að málsmeðferð í ágreiningsmálum um ræstingar hafi skilað til-ætludum árangri og koma með tillögur að úrbótum ef þurfa þykir. Sjá fylgiskjal XIII.

Bókun 11

Á samningstímanum munu samningsaðilar gera könnun á umfangi vinnu við ræstingar samkvæmt fermetramælingu og stefna á að það vinnufyrirkomulag verði lagt af fyrir lok samningstímabilsins.

Bókun 13

Reglubundin þjálfun starfsmanna til að viðhalda atvinnuréttindum sínum (35 stundir) í störfum þar sem krafist er aukinna öku-réttinda verði styrkt að fullu úr starfsmennta- og starfsþróunarsjóði.

Bókun 14

Reykjavíkurborg afhendir stéttarfélaginu upplýsingar um grunnröðun og viðbótarlaunaflokka félagsmanna m.v. 1. febrúar ár hvert.

Bókun 15

Samningsaðilar eru sammála um mikilvægi þess að heilbrigð samkeppni ríki við opinber innkaup. Aðilar samnings þessa styðja heilshugar við aðgerðir stjórnvalda sem snúa að breytingum á lögum um opinber innkaup er lúta að því að tryggja eðlilegt sam-keppnisumhverfi og réttindi launafólks.

Fylgiskjal I með samkomulagi

Reykjavíkurborgar og Eflingar-stéttarfélags

13. nóvember 2015

Lágmarkslaun fyrir fullt starf, fullar 173,33 unnar stundir á mánuði (40 stundir á viku), skulu vera sem hér segir fyrir starfsmenn 18 ára og eldri sem starfað hafa fjóra mánuði samfellt hjá Reykjavíkurborg:

Frá 1. maí 2015	245.000 kr.
Frá 1. júní 2016	260.000 kr.
Frá 1. júní 2017	280.000 kr.
Frá 1. júní 2018	300.000 kr.

Mánaðarlega skal greiða uppbót á laun viðkomandi starfsmanna sem ekki ná framangreindum fjárhæðum, en til launa í þessu sam-bandi teljast allar greiðslur, þ.m.t. hverskonar álags-, aukagreiðslur og yfirvinna, sem fellur til innan ofangreinds vinnutíma. Laun fyrir vinnu umfram 173,33 stundir á mánuði og endurgjald á útlögðum kostnaði reiknast ekki með í þessu sambandi.


Fylgiskjal II með samkomulagi

Reykjavíkurborgar og Eflingar-stéttarfélags

13. nóvember 2015

Laun sumarliða raðast með eftirfarandi hætti:

- Sumarliði 1: 17 ára, lfl. 114.
- Sumarliði 2: 18–19 ára, lfl. 115.
- Sumarliði 3: 20 ára, lfl. 116.



Er þitt atkvæði dautt atkvæði?

Það hefur sýnt sig í atkvæðagreiðslum um samninga að margir þeirra sem eru fylgjandi samningum, sitja hjá. Úrslit í þannig atkvæðagreiðslu endurspeгла ekki vilja meirihluta félagsmanna. Félögin sem að samningnum standa, hvetja þig til að taka þátt í atkvæðagreiðslunni.

**Sýnum ábyrga afstöðu og greiðum atkvæði!
Þitt atkvæði skiptir máli**

Remember that your vote is important!